# Úr “Rauða flotanum”
# 10. september 1947

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Utanríkismál – Bretland – Bandaríkin – Noregur – Varnarmál - 1947

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-14, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úr "Rauða flotanum", 10. september 1947:

Bretar og Bandaríkjamenn seilast til Noregs.

(Eftir S. Ivanov)

............

Bandaríkin og Bretland sýna mikinn áhuga fyrir landvörnum Noregs. Hafa Ameríkumenn náð undir sig eftirliti með kjarnorkurannsóknum þeim, sem fram fara í Bergen undir handleiðslu amerískra vísindamanna. Allir helztu flugvellir Noregs eru í höndum Breta og Bandaríkjamanna með "leigu"-kjörum. Hinu sama máli er að gegna um norskar hafnir. Þar eiga Bretar og Bandaríkjamenn aðgang að eftirlitslausu, og komu þangað mörg brezk og amerísk herskip árið sem leið. Háttsettir brezkir og amerískir herforingjar halda áfram að sækja Noreg heim.

...........

Í þessu skyni (þ.e. að ná tökum á hugum Norðmanna) æfa Ameríkumenn flokka, sem ganga á námsskeið í Noregi. Um þetta skrifar norskt blað: "Norskir æskumenn stunda nám í Bandaríkjunum og amerískir æskulýður í Noregi. Það er einmitt á þennan hátt að Bretar þjálfa þá borgara sína, sem eiga að gæta hagsmuna lands síns í nýlendunum. Það er nú ljóst, að Ameríkumenn hafa lært þessa list ..."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur